

Fundargerð Deltadeildar 27. október 2021

Mættar voru: Ásta, Dagný, Gunnhildur, Guðlaug, Halldóra, Inga Dóra, Ingibjörg Adda, Jónína Eiríks, Jónína Erna, Ruth, Sigrún, Soffía og Þrúður.

Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Reykjavík og mættum við kl. 17:30 í heimsókn til Mixtúru, sköpunar-og upplýsingartæknivers Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem staðsett er í Mjóddinni. Þar tóku á móti okkur Bjarndís Fjóla Jónsdóttir (sem er líka félagi í samtökunum okkar, Gammadeild) og Þorbjörg S. Þorsteinsdóttir. Þær voru fyrst með kynningu á hinum ýmsu hlutverkum Mixtúru, en þar er t.d. starfrækt snillismiðja og fullbúið ljós-og hljóðstúdíó. Einnig er „Búnaðarbanki“ SFS staðsettur hjá þeim og LEGO herbergi. Eftir kynninguna fengum við svo að ganga á milli herbergja og skoða og prufa og spyrja. Það var algerlega frábært að sjá hvað hægt er að gera með tækninni og mikilvægt að hafa svona stað eins og Mixtúru þar sem starfsfólk er beinlínis bara í því að prufa tækni og finna hvað virkar. Það var áhugavert að sjá að hægt er að nýta tæknina á ýmsan hátt t.d. hvað varðar tungumál og alveg niður í ung leikskólabörn. Einnig hvað einföld snjalltæki geta nýst á fjölbreyttan hátt í kennslunni með ýmsum öppum og fylgihlutum. Þær sögðu okkur líka frá að þær taka alveg við fyrirspurnum frá kennurum utan Reykjavíkur og hljálpa eftir megni og hægt er að fá leiðbeiningar og bækur lánaðar hjá þeim-jafnvel að fá að prufa einhver tæki ef vel stendur á hjá þeim.

Skiljanlega dvaldist okkur svolítið þarna, þannig að tíminn sem átti að fara í fundinn hljóp svolítið frá okkur. Við afhentum þeim stöllum í Mixtúru rósir og einnig var Sigrúnu afhentur blómvöndur frá okkur öllum með samúðarkveðjum vegna andláts eiginmanns hennar Jóns Sigurðssonar 10. september sl. Sunginn var svo afmælissöngurinn fyrir Halldóru sem átti afmæli þennan dag.

Fluttum við okkur þá yfir á Spíruna, veitingastað í Garðheimum þar sem við fengum súpu, bragðgóðan kjúklingarétt og kaffi og sætt í desert og þrátt fyrir að þar væru ekki kjöraðstæður fyrir fund þá var gengið til dagskrár:

1. Jónína Erna formaður setti fundinn formlega og kveikti á kertum vináttu, hjálpsemi og trúmennsku.
2. Ruth Rauterberg Jörgensdóttir sagði frá sér undir liðnum „Hver er ég“ og var það mjög áhugavert. Hún er fædd og uppalin í Þýskalandi en kom hingað til lands sem skiptinemi eiginlega fyrir tilviljun og ílentist og er mjög ánægð með það (og við líka). Hún hefur lært trésmíði og var gaman þegar hún sagði frá því að hún hafði ásamt öðrum smíðað forlata handrið sem var þarna á veitingastaðnum. Einnig hafði hún unnið við leikmyndagerð. Seinna fór hún svo í þroskaþjálfanám og nú er hún orðin brautarformaður í þroskaþjálfrafræðibrautinni í háskólanum. Hún ólst upp með bróður sem var með Downs-heilkenni og sagði hún frá hversu jákvætt það var að fá að alast upp með honum og hefur það hvatt hana í sínu námi en nú er hún í doktorsnámi og er að skrifa um „skóla án aðgreiningar“.

Við þökkum Ruth fyrir hennar innlegg og það væri gaman að fá hana aftur seinna til að kynna fyrir okkur doktorsverkefnið sitt.

3. Jónína Eiríksdóttir var með „Orð til umhugsunar“ og tók hún fyrir orðið **hugsun**. Hversu mikilvæg og kannski vanrækt hugsunin væri hjá okkur bæði almennt og t.d. í skólastofunni. Það væri svo mikill hraði á öllu og hugsun oft útundan. Ræddi hún um að vonandi gæfi einmitt tæknin eins við vorum að kynna okkur í Mixtúru, tækifæri til að nota meiri tíma í hugsun og að tækin hjálpuðu okkur með vinnuna.

Við þökkum Jónínu Eiríks fyrir þarfa og góða hugvekju.

4. Að lokum var happdrættið og vann Ruth vinninginn að þessu sinni.

Aðrir dagskrárliðir bíða næsta fundar vegna tímaleysis.

Fundi slitið kl. 20:20 og allar héldu heim í blíðviðri. Jónína Erna ritaði fundargerð í fjarveru Valgerðar.